

Samþykktir launanevndar**Samþykktir fyrir****Launanevnd sveitarfélaga****I. Aðsetur og hlutverk**

1. gr.

Launanevnd sveitarfélaga starfar á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og hefur aðsetur á skrifstofum þess í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk launanevndarinnar er:

1. Að gæta hagsmuna sveitarfélaganna gagnvart samtökum þeirra launþega sem þau ráða til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör.
2. Að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og hagsmunasamtaka eftir því sem þessir aðilar gefa nefndinni umboð til eða leiðir af lögum.
3. Að vinna að því að samræma afstöðu sveitarfélaganna til kjarasamninga og að móta stefnu í kjaramálum.
4. Að vinna að því að leysa með samningum ágreiningsmál milli sveitarfélaganna og viðsemjenda þeirra.

II. Aðild að launanevnd, umboð, skyldur, úrsögn

3. gr.

Aðilar að Launanevnd sveitarfélaga geta orðið öll sveitarfélög landsins, bæði vegna eigin rekstrar og rekstrar fyrirtækja þeirra, sem eru að meirihluta í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga; ennfremur hagsmunasamtök sveitarfélaganna, sem hafa launað starfsfólk í vinnu. Aðrir aðilar sem eru tengdir hagsmunum sveitarfélaga, geta sótt um þátttöku til launanevndarinnar, sem tekur ákvörðun um slíkar umsóknir.

4. gr.

Aðilar geta falið launanevnd að annast fyrir sína hönd undirbúning og gerð kjarasamninga.

Umboð til samningsgerðar við stéttarfélög skulu vera án fyrirvara, og skulu samningar undirritaðir af hálfu viðkomandi samninganevndar með fyrirvara um staðfestingu Launanevndar sveitarfélaga. Samningar eru ekki háðir staðfestingu viðkomandi aðila.

Í tilkynningu um þátttöku í samstarfi á vegum launanevndar skal koma fram hvaða samningsgerð launanevndinni er falin, en í aðalatriðum er um þessa samninga að ræða:

1. Samninga við stéttarfélag opinberra starfsmanna.
2. Samninga við stéttarfélag ASÍ.
3. Aðra kjarasamninga.

Launanevnd staðfestir endanlega gerð kjarasamninga.

5. gr.

Viðkomandi vinnuveitandi og launanevndin skulu gera með sér sérstakt samkomulag um kjarasamningsumboð. Samkomulagið skal vera skriflegt þar sem fram kemur hvaða samningum, samkvæmt framangreindri skilgreiningu, nefndinni er falið að vinna að. Umboðinu skal fylgja yfirlýsing um að fallist sé á að hlíta samþykktum Launanevndar sveitarfélaga og þeim samningum sem hún gerir og aðilar staðfesta. Jafnframt skal umboðinu fylgja yfirlýsing um að samningsgerðin sé endanleg og þurfi ekki staðfestingu sveitarfélags.

6. gr.

Eftir að umboð hefur verið gefið launanevnd til þess að fjalla um tiltekna samningsgerð er þátttökuaðilum óheimilt að hafa afskipti af samningsgerðinni án milligöngu launanevndar. Samningsumboð til launanevndar verður að jafnaði ekki afturkallað meðan á samningum stendur. Óski aðili af sérstökum ástæðum eftir afturköllun umboðs síns í yfirstandandi kjaradeilu skal launanevnd taka málið fyrir innan tveggja sólarhringa frá því að slík beiðni barst. Afturköllun veitist því aðeins að launanevnd samþykki það með 2/3 atkvæða miðað við fullskipaða launanevnd.

Ákveði aðili að launanevnd að afturkalla umboð sitt til launanevndar til gerðar tiltekinna tegunda samninga skal senda tilkynningu um það í ábyrgðarbréfi til launanevndar eigi síðar en 3 mánuðum áður en viðkomandi samningur rennur út.

Launanevnd getur við sérstakar aðstæður skilað umboði aftur til viðkomandi aðila enda sé það samþykkt með 2/3 atkvæða miðað við fullskipaða launanevnd.

III. Fundir launanevndar og samninganevndir

7. gr.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs níu menn í launanevnd og jafnmarga til vara, sbr. 16. gr. laga sambandsins. Sé Reykjavíkurborg aðili að nefndinni skal henni heimilt að tilnefna þrjá þessara níu fulltrúa og þrjá til vara en tekur þá að öðru leyti ekki þátt í nefndarkjöri. Tiltekinn varamaður skal kosinn fyrir hvern aðalmann og skal hann boðaður á fundi nefndarinnar í forföllum aðalmanns.

Forfallist aðal- eða varamaður í launanevnd varanlega skal á næsta fulltrúaráðsfundi sambandsins kjósa nýjan í hans stað.

Á fyrsta fundi launanevndar að loknu landsþingi sambandsins skal nefndin kjósa sér formann og varaformann.

Skylt er nefndarmönnum að gæta þagmælsku um það sem fram kemur á fundum og leynt á að fara eftir ákvörðun fundar eða samkvæmt eðli máls.

8. gr.

Formaður launanevndar ákveður hvenær nefndin kemur saman og hvar fundir skulu haldnir. Skytt er þó að kalla nefndina saman ef þrír eða fleiri nefndarmenn óska þess eða ef sveitarfélag sem aðild á að launanevnd krefst þess. Fundir í launanevnd eru lögmætir hafi þeir verið boðaðir með minnst eins sólarhrings fyrirvara með dagskrá. Um lögmæti ákvarðana launanevndar fer eftir sveitarstjórnarlögum.

9. gr.

Launanevnd skipar samninganevndir til að gera samninga fyrir sína hönd. Samningar skulu undirritaðir með fyrirvara um samþykki launanevndar.

IV. Samráð við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármál

10. gr.

Í aðdraganda að gerð kjarasamninga skal launanevnd hafa náð samráð við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Launanevndin og stjórn sambandsins hafa gagnkvæman rétt til að óska eftir samráðsfundi sín í milli hvenær sem er.

Fundargerðir launanevndar skulu sendar stjórn sambandsins.

Skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga annast þjónustu við launanevnd og skal nefndin semja um umfang og þóknun fyrir þá þjónustu við stjórn sambandsins.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ákvarðar þóknun til launanevndar og samninganevnda.

11. gr.

Árlega skal launanevnd semja fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem lögð skal fyrir stjórn sambandsins til staðfestingar. Staðfest fjárhagsáætlun skal send aðilum að nefndinni eigi síðar en í nóvember ár hvert.

Kostnaður vegna starfsemi launanevndar greiðist af þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að nefndinni í samræmi við fjölda umboða sem sveitarfélögin hafa gefið til kjarasamningsgerðar og stöðugildafjölda í þeim starfsgreinum sem samningarnir ná til.

Skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga sér um reikningshald fyrir launanevndina. Reikningar hennar skulu sérgreindir í reikningum sambandsins. Reikningar launanevndar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sambandsins.

12. gr.

Árlega skal launanevnd taka saman og senda stjórn sambandsins og aðilum að nefndinni skýrslu um starfsemi sína á næstliðnu ári ásamt ársreikningum nefndarinnar.

V. Launamálaráðstefna

13. gr.

Launanefnd getur, í samráði við stjórn sambandsins, boðað fulltrúa sveitarfélaga sem aðild eiga að nefndinni til launamálaráðstefnu um stefnumörkun í kjaramálum. Skylt er að boða til slíks fundar ef sveitarfélag, eitt eða fleiri, óskar þess enda hafi það/þau veitt launanefndinni umboð til kjarasamningsgerðar vegna a.m.k. 1.000 stöðugilda. Jafnframt er skylt að boða til launamálaráðstefnu ef fimm eða fleiri sveitarfélög krefjast þess þótt 1.000 stöðugilda markinu sé ekki náð.

Rétt til setu á launamálaráðstefnum eiga fulltrúar allra þeirra aðila, sem gefið hafa nefndinni umboð til þess að annast fyrir sína hönd kjarasamninga samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Aðilar með allt að 100 stöðugildi 1 fulltrúa.
- Aðilar með 101 til 200 stöðugildi 2 fulltrúa.
- Aðilar með 201 til 500 stöðugildi 3 fulltrúa.
- Aðilar með 501 til 1.000 stöðugildi 5 fulltrúa.
- Aðilar með 1.001 til 1.500 stöðugildi 7 fulltrúa.
- Aðilar með 1.500 stöðugildi og yfir 9 fulltrúa.

14. gr.

Komi til atkvæðagreiðslu á launamálaráðstefnu skal atkvæðagreiðslan vera skrifleg ef þrír eða fleiri þátttökuaðilar óska þess. Vægi atkvæða skal þá vera sem hér segir:

- Fyrir fyrstu 200 stöðugildin 1 atkvæði fyrir hvern byrjaðan tug stöðugilda. Næstu 300 stöðugildi (201–500) 9/10 úr atkvæði fyrir hvern byrjaðan tug stöðugilda.
- Næstu 500 stöðugildi (501–1.000) 6/10 úr atkvæði fyrir hvern byrjaðan tug stöðugilda.
- Það sem er yfir 1.000 stöðugildi 5/10 úr atkvæði fyrir hvern byrjaðan tug stöðugilda.

Atkvæði, reiknuð á ofangreindan hátt, skulu færast í heilar tölur.

Meirihluti fyrir afgreiðslu telst því aðeins vera fyrir hendi að fimm sveitarfélög eða hagsmunasamtök þeirra hið fæsta myndi hann með meirihluta greiddra atkvæða.

VI. Breytingar á samþykktum

15. gr.

Samþykktum þessum verður aðeins breytt á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga eða á reglulegum fulltrúaráðsfundi og skal þess getið í fundarboði. Tillögur um breytingar skulu sendar launanefnd og stjórn sambandsins til umsagnar minnst einum mánuði fyrir landsþing eða fulltrúaráðsfund.

Samþykkt á XVII. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 25.–27. september 2002.

Síðast breytt 14. maí 2003